

Frumvarp
að þriggja ára áætlun
um rekstur, framkvæmdir og fjármál
Reykjavíkurborgar 2012-2014

Lagt fram í borgarráði 8. ágúst 2011



Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar
8. ágúst 2011

Inngangur

Þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar samanstendur af samstæðuáætlun A og B hluta og er sett fram í samræmi við 60. og 63. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og reglur Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar.

A-hluti Reykjavíkurborgar samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Áætlun Aðalsjóðs tekur til reksturs fagsviða borgarinnar. Eignir borgarinnar eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga.

Samstæðuáætlun Reykjavíkur samanstendur af A og B hluta. Til B hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að meirihluta í eigu borgarinnar: Aflvaki hf., Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir, Félagsbústaðir hf., Jörundur ehf., Íprótta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Félagsbústaða, Íprótta- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B hluta rekin með þjónustutekjum vegna viðskipta við þriðja aðila.

Þessi þriggja ára áætlun byggir í aðalatriðum á endurskoðaðri fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu fyrir árið 2011 og er unnin með sama hætti og þriggja ára áætlun 2010-2012 og 2011-2013. Áætlunin er sett fram á föstu verðlagi í samræmi við viðteknar venjur þannig að allar breytingar sem fram koma á milli ára fela í sér magnbreytingar. Eins og rakið er hér að neðan er enn mikil óvissa í ytri skilyrðum sem torveldar áætlunargerð sem þessa.

Í þessari þriggja ára áætlun er ekki tekið tillit til nýgerðra kjarasamninga við starfsmenn borgarinnar en ósamið er enn við nokkra starfshópa. Þá er hvorki tekið tillit til vísbendinga um óhagstæðari verðlag- og gengisþróun en gert er ráð fyrir í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2011, né heldur ábendinga fagsviða um mögulega kostnaðarauka á næstu árum. Ekki er heldur gert ráð fyrir aukningu útsvarstekna og fasteignagjalda umfram það sem núgildandi álagningarhlutföll og álagningarstofnar leiða af sér. Ofangreind atriði munu kalla á endurskoðun á forgangsröðun og fjárhagsáætlunum til framtíðar og er unnið með það við undirbúning fjárhagsáætlunar 2012 og fimm ára áætlunar fyrir Reykjavíkurborg tímabilið 2012 – 2016. Gert er ráð fyrir að meginlínur fimm ára áætlunar liggi fyrir í lok september nk. og hún verði rædd og afgreidd með fjárhagsáætlun ársins 2012.

Tafist hefur að leggja fram þriggja ára áætlun fyrir tímabilið 2012-2014, þar sem stóð á ríkinu að staðfesta útgjaldaáætlun borgarinnar vegna málefna fatlaðra, auk þess sem staðið hefur á staðfestingu ríkisins á greiðslum sem tryggja fulla fjármögnun verkefnisins. Samkvæmt 62. grein sveitarstjórnarlaga og samþykktum borgarinnar er ekki heimilt að stofna til útgjalda nema að þau séu fjármögnuð að fullu. Þótt staðfesting á útgjaldaáætlun vegna málefna fatlaðra hafi legið fyrir í lok mars sl. liggur enn ekki fyrir staðfesting ríkisins á fullri fjármögnun verkefnisins. Í maí sl. áttu borgarstjóri, formaður borgarráðs og embættismenn fundi með fjármálaráðherra og innanríkisráðherra og embættismönnum um fjármögnunarsvandann. Í viðræðunum kom fram ríkur vilji ráðherra að finna lausn á þessum vanda og þann 16. júní sl. lagði borgarstjóri fram í borgarstjórn frumvarp að endurskoðun fjárhagsáætlunar 2011 vegna málefna fatlaðra, í trausti þess að ásættanleg lausn yrði fundin á þessu vandamáli. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga, innanríkisráðherra og fjármálaherra eiga enn í viðræðum um málið.

Ytri skilyrði

Þriggja ára áætlun fyrir árin 2012 -2014 er undirbúin og lögð fram í skugga mikillar óvissu um þróun í efnahags- og atvinnumálum Íslendinga til næstu ára og hefur það ástand verið viðvarandi frá árinu 2008.

Þannig er óvissan á Íslandi enn mikil í peninga- og gjaldeyrismálum. Þrot viðskiptabankanna þriggja í október 2008 og þrot annarra mikilvægra fjármálastofnana eru enn í vinnslu og óvissa um endanleg uppgjör vegna skulda þeirra og hversu stór hluti mun falla á ríkissjóð. Engin samningsniðurstaða liggur fyrir í ICESAVE-málinu og óljóst hvort og þá hve mikið fellur þar á ríkissjóð. Enn er óvissa tengd eignum erlendra aðila í íslenskum skuldabréfum, sk. „jöklabréfum“, og ýmsum innlánnum. Síðasta haust var kveðinn upp dómur um innlend lán með gengisviðmið sem hefur dregið úr þeirri óvissu sem ríkt hafi um þessar skuldir en dregist hefur samt af ýmsum ástæðum að fara í skuldauppgjör fyrirtækja og heimila. Miklar takmarkanir eru á hvers kyns fjármálaviðskiptum milli landa, þ.e. með gjaldeyri, en gjaldeyrisforði Seðlabanka er þó allmikill og yfirlýst stefna bankans að freista þess að aflétta hömlum í áföngum enda verði tryggt að nýjar fjármálastofnanir standi það af sér. Hömlur á fjármálaviðskiptum hafa haft neikvæð áhrif á mögulegar fjárfestingar erlendra aðila og landið glímur enn við vantraust erlendra aðila varðandi láns hæfi, jafnt opinberra aðila sem einkafyrirtækja. Skýr togstreita er á milli væntinga Seðlabanka annars vegar um að afnema hömlur í gjaldeyrisviðskiptum og hins vegar að koma á svipuðu vaxtastigi á Íslandi og í löndum með sterka alþjóðlega gjaldmiðla. Vaxandi verðbólga í kjölfar kostnaðarsamra kjarasamninga, hækkandi fasteignaverðs og hækkandi heimsmarkaðsverðs á hrávöru setur nú aukinn þrýsting á innlenda vexti sem væntanlega hefur neikvæð áhrif á fjárfestingar.

Staða efnahagsmála er um þessar mundir einnig afar tvísýn á alþjóðavettvangi og fyrir liggur að mesta efnahagskreppa frá fjórða áratug síðustu aldar hefur skotið rótum. Árin 2008 og 2009 var hagvöxtur neikvæður á helstu viðskiptasvæðum Íslands, þ.e. á evrusvæðinu, í Bandaríkjunum og Bretlandi. Hagvöxtur var mun meiri 2010 eða nálægt 5% á heimsvísu en mun lægri eða aðeins um 2% í helstu viðskiptalöndum Íslands. Líklegt er talið að hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum Íslands verði á næstu árum milli 2% - 2½%. Um þetta er þó mikil óvissa. Verði hagvöxtur og einkaneysla minni á helstu viðskiptasvæðum getur það haft mikil áhrif á verðmæti útflutningsgreina og afkomu þjónustugreina sem tengjast erlendum ferðamönnum. Þess ber hinvegar að geta að haldist krónan áfram veik ýtir það enn frekar undir fjölgun ferðamanna á næstu misserum. Miklar sviptingar hafa verið á hráefnamörkuðum, ekki síst á olíumörkuðum á þessu ári. Talið er að haldist olíuverð áfram hátt geti það haft afar neikvæð áhrif á þjóðarhag í þróuðum ríkjum, ekki síst á viðskiptasvæðum Íslendinga.

Alþjóðlegir fjármálamarkaðir eru „botnfrosnir“ og ekki langt síðan að samþykktar voru hertar reglur, BASEL III, um fjármál banka og fjármálastofnana, sem vafalítið draga úr áhættuvilja fjármálastofnana. Stýrivextir hafa víða hækkað og á framvirkum lánamörkuðum eru þegar komnar fram umtalsverðar vaxtahækkanir á næstu misserum. Um þessar mundir er mikil óvissa um gengisþróun evrunnar vegna illviðráðanlegra skulda nokkurra ESB ríkja, einkum Grikklands, Ítalíu, Spánar og Portúgals. Þessar aðstæður og óvissan í íslensku efnahagskerfi munu væntanlega hafa mikil áhrif á aðgengi Íslands að erlendu lánsfé og hætta er á að fjármögnun á fjárförf ríkissjóðs dragi til sín stóran hluta af innlendu lánsfjármagni.

Við þessi óvissuskilyrði er freistandi að viðhafa ný vinnubrögð við mótnun á forsendum langtímaáætlunargerðar sem felast í því að stilla um sviðsmyndum sem byggja á mismunandi þróunarleiðum. Mikilvægt er að rýna bæði áhættur og möguleg viðbrögð við þeim og tækifæri sem gefast kunna á næstu árum. Fjármálaskrifstofa hefur unnið að sviðsmyndagreiningum til ársins 2020

sem mun nýtast vel þegar kemur að undirbúningi fimm áætlunar á þessu hausti. Þá er einnig mikilvægt að stilla þessum áætlunum upp á verðlagi hvers árs.

Forsendur

Helstu forsendur 3ja áætlunar 2012-2014 eru eftirfarandi:

1. Íbúafjöldi

Þann 1. desember 2010 voru íbúar Reykjavíkur 118.908 og fækkaði frá 2009 um 0,4%¹. Þessa breytingu má rekja til búferlaflutninga en 506 manns fluttu frá borginni umfram þá sem fluttu til hennar. Hér er um áframhaldandi þróun að ræða frá árinu 2009, en þá fluttu 2.355 manns umfram þá sem fluttu til hennar. Um 3.200 borgarþátttakendur fluttu til útlanda og um 2.600 fluttu til borgarinnar frá útlöndum og flutningsjöfnuður gagnvart útlöndum var því neikvæður um 576 manns. Ennþá eru það töluvert fleiri karlmenn sem flytja til útlanda en konur en flutningsjöfnuður þeirra var neikvæður um 322 en jöfnuður kvenna neikvæður um 254.

Þegar litið er til fólksfjölgunar í Reykjavík á undanförunum árum kemur í ljós að sveiflur í fólksfjölgun má einkum rekja til flutninga. Búferlaflutningar ráðast í ríkum mæli af efnahags- og atvinnuástandi. Miðað við efnahagshorfur má ætla að áfram verði um verulega búferlaflutninga að ræða á næstu árum.

2. Vinnumarkaður

Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi á öðrum ársfjórðungi 2011 er nú metið um 8,5% á landsvísu² og talið fara vaxandi. Áætlað er að atvinnuleysi í Reykjavík verði að meðaltali um 10% á árinu 2011 sem svarar til þess að um 7.000 manns séu án atvinnu í borginni. Atvinnuleysi hefur verið og mun væntanlega verða meira í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar á landinu. Reiknað er með að heldur dragi úr atvinnuleysi á tímabilinu 2012 – 2014 og að það verði um 6,1% á árinu 2014. Mikill framleiðslulaki er í hagkerfinu um þessar mundir og ákveðin ofmönnun bæði hjá einkafyrirtækjum og opinberum aðilum sem dregur verulega úr fjölgun starfandi miðað við það sem ella hefði orðið tímabilið 2011-2014. Spár Hagstofu og SÍ um atvinnuleysi og hagvöxt 2011-2013 bendir til að framleiðslulaki verði viðvarandi þar sem ekki er útlit fyrir að hagvaxtaspar fylli upp í þann slaka sem orðin er í kjölfar hrunsins, sérstaklega ef tekið er tillit til nýliðunar á vinnumarkaði næstu árin.

3. Verðlag, gengi og laun

Þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar er gerð með hefðbundnum hætti á föstu verðlagi og sama verðlagsgrunni (þ.e. verðlag, gengi og launataxtar) og endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 sem samþykkt var í borgarstjórn 16. júní sl.

4. Jafnvægi í rekstri

Þriggja ára áætlun Reykjavíkurborgar tekur mið af því að skatttekjur, þjónustutekjur og fjármagnstekjur standi undir rekstri A-hluta borgarsjóðs. Margvíslegar áhættur en einnig tækifæri eru framundan bæði á útjalda- og teknahlið.

¹ Hagstofa Íslands.

² Hagstofa Íslands.

Helstu niðurstöður A-hluta


Helstu niðurstöður A-hluta og breytingar á milli ára er að finna í töflu 1.

Allar tölur á verðlagi áætlunar 2011	Esk.áætlun	Þriggja ára áætlun			Breyting milli 2011-2014
	2011	2012	2013	2014	
Skatttekjur	52.449.172	52.564.172	52.564.172	52.564.172	0,2%
Aðrar tekjur	10.841.891	11.023.306	11.094.716	11.116.346	2,5%
Laun og launatengd gjöld	34.320.815	34.320.815	34.320.815	34.320.815	0,0%
Annar rekstrarkostnaður	25.656.291	26.079.120	26.150.530	26.172.160	2,0%
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)	-43.439	189.769	272.635	254.716	-686,4%
Rekstramiðurs taða	65.635	30.220	60.772	5.959	-90,9%
Eignir	133.080.354	132.095.268	132.262.007	132.495.910	-0,4%
Eigið fé	78.007.862	78.038.082	78.098.854	78.104.813	0,1%
Skuldir og skuldbindingar	55.072.492	54.057.186	54.163.153	54.391.097	-1,2%
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	3.063.583	2.827.311	2.910.177	2.892.259	-5,6%
Fjárfestingahreyfingar	-13.347.595	-1.762.464	-5.030.648	-1.103.352	-91,7%
Fjármögnunarahreyfingar	4.556.738	-685.029	406.323	528.301	-88,4%
Handbært fé í árslok	8.053.046	8.432.864	6.718.716	9.035.924	12,2%

Tafla 1: A-hluti

Samkvæmt þessari áætlun er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði í jafnvægi öll árin á tímabilinu 2012-2014. Ekki eru áætlaðar breytingar á álagningarhlutföllum útsvars eða fasteignagjalda eða vegna annarra tekjustofna m.v. endurskoðaða áætlun ársins 2011. Almenn er ekki gert ráð fyrir magnbreytingum í þjónustu enda gefa áætlanir um íbúapróun ekki tilefni til þess. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er samkvæmt þessari áætlun neikvæð en jákvæð að teknu tilliti til þeirra, sbr. mynd 1.

Mynd 1: Rekstrarniðurstaða A-hluta




Eigin- og veltufjárhlutföll A-hluta Reykjavíkurborgar eru vel ásættanleg allt tímabilið eins og tafla 2 ber með sér:

	Esk.áætlun	Þriggja ára áætlun		
	2011	2012	2013	2014
Veltufjárhlutfall	1,61	1,96	1,78	2,01
Eiginfjárhlutfall	0,59	0,59	0,59	0,59

Tafla 2: Eiginfjár- og veltufjárhlutföll A-hluta

Mynd 2 sýnir áætlaða þróun skulda og skuldbindinga A-hluta á áætlunartímabilinu en þær lækka lítillega milli 2011 og 2014. Áætlað er að langtímaskuldir aukist í takt við framkvæmdir en skammtímaskuldir lækki nokkru meira.

Mynd 2: Skuldir og skuldbindingar



Áætlað er að halda sterkri stöðu á handbæru fé áfram út tímabilið og það verði rúmlega 9 milljarðar í lok tímabils.

Aðalsjóður

Aðalsjóður Reykjavíkurborgar annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er í meginatriðum fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum.


Helstu niðurstöður Aðalsjóðs og breytingar á milli ára samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun er að finna í töflu 3.

Allar tölur á verðlagi áætlunar 2011	Esk.áætlun	Priggja ára áætlun			Breyting milli
	2011	2012	2013	2014	2011-2014
Skatttekjur	53.689.172	53.804.172	53.804.172	53.804.172	0,2%
Aðrar tekjur	10.541.047	10.541.047	10.541.047	10.541.047	0,0%
Laun og launatengd gjöld	33.136.979	33.136.979	33.136.979	33.136.979	0,0%
Annar rekstrarkostnaður	37.918.336	38.341.165	38.412.575	38.434.205	1,4%
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)	3.848.310	2.930.531	2.834.966	2.584.766	-32,8%
Rekstrarniðurstaða	-2.976.786	-4.202.395	-4.369.369	-4.641.199	55,9%
Eignir	73.415.950	68.119.573	63.437.775	58.532.148	-20,3%
Eigið fé	57.088.014	52.885.619	48.516.250	43.875.051	-23,1%
Skuldir og skuldbindingar	16.327.936	15.233.954	14.921.525	14.657.096	-10,2%
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	-4.258.872	-4.502.395	-4.669.369	-4.941.199	16,0%
Fjárfestingahreyfingar	-5.411.946	7.881.699	1.857.316	4.734.012	-187,5%
Fjármögnunahreyfingar	174.753	-763.704	-12.073	35.928	-79,4%
Handbært fé í árslok	2.973.859	5.589.460	2.765.334	2.594.075	-12,8%

Tafla 3: Aðalsjóður

Áætlað er að rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs verði neikvæð allt tímabilið og fari úr því að vera -2,9 milljarðar samkvæmt endurskoðari áætlun 2011 í rúmlega -4,6 milljarða árið 2014.

Mynd 3: Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs



Áætlað er að eignir Aðalsjóðs dragist saman á tímabilinu um 20,3% og verði í lok þess um 58,5 mkr. Samdrátturinn skýrist einkum af niðurgreiðslu Eignasjóðs á skuld sinni við Aðalsjóð. Þá er áætlað að eigið fé rými um 23% vegna neikvæðrar rekstrarniðurstöðu á tímabilinu og verði tæpir 44 mkr. Eiginfjárhlutfall er þó áfram sterkt eða um 75% í lok tímabils. Áætlunin gerir ráð fyrir að Aðalsjóður láni Orkuveitu Reykjavíkur um 3,7 milljarða árið 2013 í samræmi við aðgerðaráætlun fyrirtækisins og eigenda þess. Þá er gert ráð fyrir að Eignasjóður greiði aukalega inn á skuld sína við Aðalsjóð, eða 5 milljarða árið 2012, 3 milljarða árið 2013 og 2 milljarða árið 2014. Áætlað er að handbært fé Aðalsjóðs verði um 2,6 milljarðar í lok tímabils.

Eignasjóður


Helstu niðurstöður Eignasjóðs og breytingar á milli ára er að finna í töflu 4.

Allar tölur á verðlagi áætlunar 2011	Esk.áætlun	Priggja ára áætlun			Breyting milli
	2011	2012	2013	2014	2011-2014
Tekjur	15.651.938	15.833.353	15.904.763	15.926.393	1,8%
Laun og launatengd gjöld	1.183.836	1.183.836	1.183.836	1.183.836	0,0%
Annar rekstrarkostnaður	4.329.050	4.329.050	4.329.050	4.329.050	0,0%
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)	-3.891.749	-2.740.762	-2.562.331	-2.330.049	-40,1%
Rekstrarniðurstaða	3.042.422	4.232.615	4.430.142	4.647.158	52,7%
Eignir	106.037.935	101.596.019	100.536.104	100.817.782	-4,9%
Eigið fé	21.955.695	26.188.309	30.618.451	35.265.609	60,6%
Skuldir og skuldbindingar	84.082.240	75.407.710	69.917.653	65.552.174	-22,0%
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	7.322.455	7.329.706	7.579.547	7.833.458	7,0%
Fjárfestingahreyfingar	-5.467.972	-1.634.511	-979.511	-979.511	-82,1%
Fjármögnunahreyfingar	1.914.308	-7.930.978	-5.490.056	-4.365.480	-328,0%
Handbært fé í árslok	5.079.187	2.843.404	3.953.383	6.441.850	26,8%

Tafla 4: Eignasjóður

Áætlað er að rekstrarniðurstaða Eignasjóðs batni á tímabilinu. Niðurstaða fyrir fjármagnsliði verður svipuð á milli ára, en fjármagnsgjöld lækki enda er ekki tekið tillit til verðlagsbreytinga á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að tekjur Eignasjóðs aukist á tímabilinu vegna mannvirkja sem tekin verða í notkun og leigð Aðalsjóði. Gert er ráð fyrir tekjum af sölu byggingaréttar, samtals 750 mkr 2012-2014, þ.e. 250 mkr á hverju ári fyrir sig.

Mynd 4: Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs



Áætlað er að brúttó fjárfestingar verði 5.410 mkr á tímabilinu 2012-2014, þ.e. 2.240 mkr árið 2012, 1.585 mkr árið 2013 og 1.585 mkr árið 2014. Fjárfestingar í fasteignum og stofnbúnaði verði 3.370 mkr en 2.040 mkr í gatna- og umferðamannvirkjum. Ekki er gert ráð fyrir kaupum á lóðum eða

skipulagseignum. Á móti fjárfestingum í götum er áætlað að tekjur af gatnagerðargjöldum nemi samtals 600 mkr á tímabilinu, eða 200 mkr ár hvert. Nettó fjárfesting Eignasjóðs er því áætluð 4.810 mkr.

Áætlað er að eignir dragist saman um 4,9% á tímabilinu og verði í lok þess 101 mkr. Áætlað er að skuldir og skuldbindingar dragist saman um 22% einkum vegna niðurgreiðslu á skuldum við Aðalsjóð og staða eiginfjár batni verulega og verði komin í 35,3 mkr í lok tímabils. Gert er ráð fyrir að handbært fé hækki úr 5,1 mkr og verði 6,4 mkr í lok tímabils.


Helstu niðurstöður samstæðu, A+B-hluta

Allar tölur á verðlagi áætlunar 2011	Esk.áætlun	Þriggja ára áætlun			Breyting milli
	2011	2012	2013	2014	2011-2014
Skatttekjur	51.836.278	51.951.278	51.951.278	51.951.278	0,2%
Aðrar tekjur	53.407.160	57.265.586	57.985.564	58.920.244	10,3%
Laun og launatengd gjöld	42.468.324	42.553.004	42.649.164	42.754.288	0,7%
Annar rekstrarkostnaður	35.328.245	35.589.301	35.708.017	35.926.392	1,7%
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)	-7.162.699	-7.840.589	-7.549.326	-7.144.419	-0,3%
Rekstrarniðurstaða	4.738.356	6.451.410	6.959.824	7.582.779	60,0%
Eignir	455.079.593	452.173.317	435.026.122	432.135.535	-5,0%
Eigið fé	147.260.689	154.456.960	162.156.646	170.469.660	15,8%
Skuldir og skuldbindingar	307.762.417	297.659.869	272.812.989	261.609.387	-15,0%
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	21.142.776	22.305.115	23.025.517	24.082.515	13,9%
Fjárfestingahreyfingar	-17.900.271	-7.497.516	-2.161.032	-5.533.844	-69,1%
Fjármögnunarahreyfingar	-9.996.884	-11.597.512	-26.574.648	-13.209.026	32,1%
Handbært fé í árslok	10.808.597	14.018.684	8.308.520	13.648.165	26,3%

Tafla 5: Samstæða

Rekstrarniðurstaða samstæðu A- og B hluta er áætluð jákvæð öll árin, þ.e. 6,5 mkr árið 2012, 7 mkr árið 2013 og 7,6 mkr árið 2014. Staða á handbæru fé er áætluð 14 mkr í árslok 2012, 8,3 mkr í árslok 2013 og 13,6 mkr í árslok 2014.


Mynd 5: Rekstrarniðurstaða samstæðu



Skatttekjur hækka lítillega m.v. áætlun ársins 2011, sem skýrist af hálfárs áhrifum af hækkun álagningarhlutfalls útsvars um 0,08% sem tók gildi þann 1. júlí 2011. Áætlað er að aðrar tekjur hækki um 9,5% á tímabilinu og fari úr 53,4 mkr í 58,5 mkr. Munar þar mestu um auknar tekjur Orkuveitu Reykjavíkur vegna Hellisheiðarvirkjunar sem kemur að fullu í rekstur á tímabilinu. Gert er ráð fyrir 0,7% aukningu í launakostnaði og að annar rekstrarkostnaður aukist um tæpa 1,3 mkr eða 2,7%. Þar af er áætlað að afskriftir aukist um 1,1 mkr vegna mannvirkja sem tekin verða í notkun.


Áætlað er að fjárfestingar verði samtals 26 mkr á tímabilinu 2012-2014, þar af um 13,4 mkr hjá Orkuveitu Reykjavíkur, 5,4 mkr hjá A-hluta Reykjavíkurborgar, 2,2 mkr hjá Sorpu, 2,2 mkr hjá Faxaflóahöfnum, 1,6 mkr hjá Félagsbústöðum og 0,7 mkr hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðsins. Á móti er gert ráð fyrir að eignir verði seldar sem nemur 10,5 mkr, þar af nemi sala á eignum OR um 8,2 mkr og sala byggingaréttar 750 mkr. Áætlað er að lántaka nemi 11,4 mkr, sem þýðir að stór hluti framkvæmda verður fjármagnaður af handbæru fé frá rekstri. Gert er ráð fyrir verulegri niðurgreiðslu skulda og að afborganir á tímabilinu nemi um 65 mkr. Gert er ráð fyrir að handbært fé frá rekstri nemi um 69 mkr á tímabilinu.

Mynd 6: Fjárfestingar samstæðu



Í lok tímabils er áætlað að heildarskuldir samstæðunnar nemi um 238 mkr og hafi lækkað úr 293 mkr eða um eða um 54,5 mkr. Áætlað er hins vegar að skuldbindingar hækki um sem nemur 8,4 mkr, sem skýrist einkum af hækkun tekjuskattsskuldbindingar OR. Skuldbindingar samstæðu utan efnahags eru 113,4 mkr skv. ársreikningi 2010. Gert er ráð fyrir eigið fé hækki um 15,8% og verði 170,5 mkr í lok tímabils, og handbært fé styrkist jafnframt og hækki úr 10,8 mkr í 13,6 mkr.

Mynd 7: Skuldir og skuldbindingar samstæðu



Áætlað er að eiginfjárlutfall samstæðu Reykjavíkurborgar styrkist á tímabilinu og verði um 39% í lok árs 2014. Þá er áætlað að veltufjárlutfall verði 1,1 í lok tímabils, sbr. eftirfarandi tafla:

	Esk.áætlun 2011	Þriggja ára áætlun		
		2012	2013	2014
Veltufjárlutfall	0,88	0,69	0,82	1,11
Eiginfjárlutfall	0,32	0,34	0,37	0,39

Tafla 6: Eiginfjár- og veltufjárlutföll samstæðu

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri.

A hluti

Skýr.	Esk. Áætlun 2011	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Rekstrarreikningur				
Tekjur:				
Skatttekjur.....	54.439.446	54.561.524	54.561.524	54.561.524
Framlög jöfnunarsjóðs.....	(1.990.275)	(1.997.353)	(1.997.353)	(1.997.353)
Aðrar tekjur.....	10.841.891	10.671.091	10.671.091	10.671.091
	63.291.062	63.235.262	63.235.262	63.235.262
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld.....	34.320.815	34.320.815	34.320.815	34.320.815
Annar rekstrarkostnaður.....	25.656.291	25.726.905	25.726.905	25.726.905
Afskriftir.....	3.204.882	3.347.091	3.399.405	3.436.300
	63.181.988	63.394.811	63.447.125	63.484.020
Niðurstaða án fjármagnsliða	109.074	(159.549)	(211.863)	(248.758)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(43.439)	189.769	272.635	254.716
Reks trarniðurs taða án framlaga.....	65.635	30.220	60.772	5.959
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0
Reks trarniðurs taða.....	65.635	30.220	60.772	5.959

* á föstu verðlagi

Skýr.	Esk. Áætlun 2011	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Efnahagsreikningur				
Eignir				
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir	73.656.599	72.905.715	71.734.316	70.562.022
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	11.480.597	11.509.780	11.429.163	11.330.546
Aðrar eignir	1.348.501	1.290.954	1.056.408	803.861
Leigueignir	9.173.827	8.645.984	8.118.142	7.590.299
	95.659.524	94.352.433	92.338.028	90.286.728
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignahlutir í félögum	6.563.920	6.749.555	6.935.190	7.120.825
Langtímakröfur	1.807.276	1.702.216	1.597.156	1.492.096
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	8.895.267	8.779.993	12.597.890	12.485.377
Aðrar langtímakröfur	2.674.827	2.674.827	2.674.827	2.674.827
	19.941.291	19.906.591	23.805.064	23.773.125
Fastafjármunir	115.600.815	114.259.024	116.143.092	114.059.853
Veltufjármunir:				
Birgðir.....	0	0	0	0
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur	6.699.706	6.699.706	6.699.706	6.699.706
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	1.228.240	1.197.962	1.197.606	1.197.249
Aðrar skammtímakröfur	1.281.227	1.281.227	1.281.227	1.281.227
Næsta árs afborganir langtímakrafna	217.320	224.484	221.660	221.950
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna	0	0	0	0
Verðbréf.....	0	0	0	0
Handbært fé.....	8.053.046	8.432.864	6.718.717	9.035.925
Veltufjármunir	17.479.540	17.836.243	16.118.916	18.436.057
Eignir samtals	133.080.354	132.095.268	132.262.007	132.495.910
		* á föstu verðlagi		

Skýr.	Esk. Áætlun 2011	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
31. desember				
Eigið fé og skuldir				
Eiginfjárreikningar:				
Eigið fé.....	78.007.862	78.038.082	78.098.854	78.104.813
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	0	0	0	0
Skuldbindingar:				
Lffeyrisskuldbindingar.....	8.631.541	8.331.541	8.031.541	7.731.541
Aðrar skuldbindingar.....	49.642	49.642	49.642	49.642
	8.681.183	8.381.183	8.081.183	7.781.183
Langtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir.....	21.634.986	22.655.636	23.095.424	23.521.221
Leiguskuldir.....	13.907.973	13.907.973	13.907.973	13.907.973
	35.542.960	36.563.609	37.003.397	37.429.194
Skammtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir.....	0	0	0	0
Reiknuð fjárþörf.....	0	0	1	1
Viðskiptaskuldir.....	2.497.129	2.497.129	2.497.129	2.497.129
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	5.001	5.001	43.001	129.001
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	3.281.386	1.545.430	1.473.610	1.489.756
Aðrar skammtímaskuldir.....	5.064.833	5.064.833	5.064.833	5.064.833
	10.848.349	9.112.393	9.078.573	9.180.720
Skuldir og skuldbindingar samtals	55.072.492	54.057.186	54.163.153	54.391.097
Eigið fé og skuldir samtals	133.080.354	132.095.268	132.262.007	132.495.910
		* á föstu verðlagi		

Skýr.	Esk. Áætlun 2011	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Sjóðstreymisýfirlit				
Rekstrarhreyfingar:				
Niðurstaða ársins.....	65.635	30.220	60.772	5.959
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Reiknaðar afskriftir	3.204.882	3.347.091	3.399.405	3.436.300
Verðbætur og gengismunur	392.709	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(420.800)	(250.000)	(250.000)	(250.000)
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur, breyting	17.156	0	0	0
Aðrar breytingar	0	0	0	0
Breytingar á skuldbindingum	1.100.000	1.100.000	1.100.000	1.100.000
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	4.359.583	4.227.311	4.310.177	4.292.259
Breytingar á skammtímalíðum:				
Birgðir, lækkun (hækkun)	0	0	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	0	0	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	104.000	0	0	0
Afborganir skuldbindinga	(1.400.000)	(1.400.000)	(1.400.000)	(1.400.000)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	0	0	0	0
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(1.296.000)	(1.400.000)	(1.400.000)	(1.400.000)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	3.063.583	2.827.311	2.910.177	2.892.259
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(5.800.000)	(2.040.000)	(1.385.000)	(1.385.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	440.000	250.000	250.000	250.000
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(185.635)	(185.635)	(185.635)	(185.635)
Langtímakröfur, breyting.....	90.777	105.060	105.060	105.060
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	(7.892.737)	108.111	(3.815.073)	112.223
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(13.347.595)	(1.762.464)	(5.030.648)	(1.103.352)
Fjármögnunarhreyfingar:				
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0	0
Breyting á hlutafé.....	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	(447.946)	30.278	38.356	86.357
Tekin ný langtímalán.....	6.300.000	2.040.000	1.385.000	1.385.000
Afborganir langtímalána.....	(1.295.316)	(2.755.307)	(1.017.033)	(943.056)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0	0
Fjármögnunarhreyfingar	4.556.738	(685.029)	406.323	528.301
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(5.727.274)	379.818	(1.714.148)	2.317.207
Handbært fé (fjárförf) í ársbyrjun	13.780.321	8.053.046	8.432.864	6.718.716
Handbært fé (fjárförf) í árslok	8.053.046	8.432.864	6.718.716	9.035.924

* á föstu verðlagi

Samstæða - A og B hluti

Skýr.	Esk. Áætlun 2011	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Rekstrarreikningur				
Tekjur:				
Skatttekjur.....	53.826.552	53.948.630	53.948.630	53.948.630
Framlög jöfnunarsjóðs.....	(1.990.275)	(1.997.353)	(1.997.353)	(1.997.353)
Aðrar tekjur.....	53.407.160	56.913.371	57.561.939	58.474.989
	105.243.438	108.864.648	109.513.216	110.426.266
Gjöld:				
Laun og launatengd gjöld.....	42.468.324	42.553.004	42.649.164	42.754.288
Annar rekstrarkostnaður.....	35.328.245	35.237.086	35.284.392	35.481.137
Afskriftir.....	13.081.019	13.889.217	14.045.850	14.224.150
	90.877.587	91.679.307	91.979.406	92.459.575
Niðurstaða án fjármagnsliða	14.365.851	17.185.342	17.533.810	17.966.691
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(7.162.699)	(7.840.589)	(7.549.326)	(7.144.419)
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	7.203.151	9.344.752	9.984.484	10.822.272
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	(2.464.795)	(2.893.342)	(3.024.660)	(3.239.493)
Rekstrarniðurstaða.....	4.738.356	6.451.410	6.959.824	7.582.779

* á föstu verðlagi

Skýr.	Esk. Áætlun 2011	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Efnahagsreikningur				
Eignir				
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir	120.179.299	119.678.877	118.699.143	117.380.877
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur	251.877.845	247.176.844	237.377.961	231.114.583
Aðrar eignir	4.245.516	4.051.474	3.712.388	3.354.612
Leigueignir	9.173.827	8.645.984	8.118.142	7.590.299
	385.476.488	379.553.179	367.907.634	359.440.370
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignahlutir í félögum	9.287.068	9.080.546	9.266.181	9.451.816
Langtímakröfur	10.044.878	9.966.818	9.881.758	9.692.953
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur	24.155.692	24.155.307	24.155.207	24.155.127
	43.487.637	43.202.670	43.303.145	43.299.895
Fastafjármunir	428.964.125	422.755.849	411.210.780	402.740.266
Veltufjármunir:				
Birgðir.....	688.281	631.281	607.281	587.281
Skammttímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur	11.393.067	11.547.320	11.594.510	11.590.928
Skammttímakröfur á eigin fyrirtæki	0	0	0	0
Aðrar skammttímakröfur	3.079.678	3.066.737	3.144.870	3.230.009
Næsta árs afborganir langtímakrafna	145.845	153.060	160.060	338.805
Næsta árs afborganir annarra langtímakrafna	0	385	100	80
Verðbréf.....	0	0	0	0
Handbært fé.....	10.808.597	14.018.684	8.308.521	13.648.166
Veltufjármunir	26.115.468	29.417.467	23.815.342	29.395.269
Eignir samtals	455.079.593	452.173.317	435.026.122	432.135.535
		* á föstu verðlagi		

Skýr.	Esk. Áætlun 2011	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
31. desember				
Eigið fé og skuldir				
Eiginfjárreikningar:				
Eigið fé.....	147.260.689	154.456.960	162.156.646	170.469.660
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	56.487	56.487	56.487	56.487
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbindingar.....	9.441.038	9.181.938	8.922.838	8.663.738
Aðrar skuldbindingar.....	5.667.941	8.559.023	11.583.611	14.818.977
	15.108.978	17.740.960	20.506.448	23.482.714
Langtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir.....	249.068.555	223.363.673	209.225.630	197.787.270
Leiguskuldir.....	13.907.973	13.907.973	13.907.973	13.907.973
	262.976.528	237.271.646	223.133.603	211.695.243
Skammtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir.....	1.064.228	964.228	874.228	862.165
Reiknuð fjárþörf.....	0	0	1	1
Viðskiptaskuldir.....	5.296.688	5.152.034	4.958.364	4.835.703
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	16.393.455	29.855.963	16.769.497	14.280.657
Aðrar skammtímaskuldir.....	6.922.540	6.675.037	6.570.848	6.452.903
	29.676.911	42.647.262	29.172.938	26.431.430
Skuldir og skuldbindingar samtals	307.762.417	297.659.869	272.812.989	261.609.387
Eigið fé og skuldir samtals	455.079.593	452.173.317	435.026.122	432.135.535

* á föstu verðlagi

Skýr.	Esk. Áætlun 2011	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2012	Áætlun 2013	Áætlun 2014
Sjóðstreymisyfirlit				
Rekstrarhreyfingar:				
Niðurstaða ársins.....	4.738.356	6.451.410	6.959.824	7.582.779
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Reiknaðar afskriftir	13.081.019	13.889.217	14.045.850	14.224.150
Verðbætur og gengismunur	1.587.319	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	0
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna	(489.772)	(394.501)	(396.463)	(398.517)
Framlög frá eigin sjóðum	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur, breyting	17.156	0	0	0
Aðrar breytingar	0	0	0	0
Breytingar á skuldbindingum	3.603.973	4.031.982	4.165.488	4.376.266
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	22.538.051	23.978.108	24.774.699	25.784.678
Breytingar á skammtímalíðum:				
Birgðir, lækkun (hækkun)	38.000	57.000	24.000	20.000
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun)	(78.307)	(154.253)	(47.190)	3.582
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun)	114.156	12.941	(78.133)	(85.139)
Afborganir skuldbindinga	(1.400.000)	(1.400.000)	(1.400.000)	(1.400.000)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	(69.124)	(188.681)	(247.859)	(240.606)
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(1.395.275)	(1.672.993)	(1.749.182)	(1.702.163)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	21.142.776	22.305.115	23.025.517	24.082.515
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	(19.259.597)	(9.870.289)	(7.618.775)	(7.959.126)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	1.426.104	2.298.882	5.614.933	2.600.757
Eignahlutir í félögum, breyting.....	(10.635)	206.522	(185.635)	(185.635)
Langtímakröfur, breyting.....	183.857	70.845	78.060	10.060
Aðrar langtímakröfur, breyting.....	0	0	385	100
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0
Aðrar fjárfestingarhreyfingar.....	(240.000)	(203.476)	(50.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar	(17.900.271)	(7.497.516)	(2.161.032)	(5.533.844)
Fjármögnunarhreyfingar:				
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	646.600	674.661	674.661	665.036
Breyting á hlutafé.....	223.340	70.200	65.200	65.200
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0	0	0
Tekin ný langtímalán.....	8.456.443	4.445.005	3.750.464	3.234.706
Afborganir langtímalána.....	(19.333.267)	(16.687.378)	(30.974.973)	(17.161.905)
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	(0)	(0)	0	0
Skammtímalán, breyting.....	10.000	(100.000)	(90.000)	(12.063)
Fjármögnunarhreyfingar	(9.996.884)	(11.597.512)	(26.574.648)	(13.209.026)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(6.754.380)	3.210.087	(5.710.164)	5.339.645
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun	17.562.977	10.808.597	14.018.684	8.308.520
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	10.808.597	14.018.684	8.308.520	13.648.165

* á föstu verðlagi

